



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málshæiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (gistináttaskattur, barnabætur o.fl.). Mál nr. 10 á þingmálaskrá fjármála- og efnahagsráðherra á 154. löggjafarþingi 2023-2024.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála.
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	25. september 2023.

A. Úrlausnarefni

- Forsaga máls og tilefni.** Áformað er að leggja fram frumvarp þar sem lagðar verða til nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Hér er m.a. um að ræða ákvæði um gistináttaskatt, virðisaukaskatt, samtímabarnabætur, upplýsingaheimildir Skattsins, áfengisgjald, aukatekjur ríkissjóðs o.fl.
- Hvert er úrlausnarefnið?** Um er að ræða ýmsar nauðsynlegar breytingar á skattalöggjöf sem tengjast bæði skattlagningu lögaðila og einstaklinga.
- Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?** Um er að ræða breytingar á gildandi lögum á sviði skatta og gjalda. Samkvæmt 40. gr. Stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, má engan skatt á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Þá segir í 77. gr. að skattamálum skuli skipað með lögum og ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þá verði enginn skattur lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Framtíðarsýn málefnasviðs 5, Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla, er samfélag verðmætasköpunar og velsældar. Meginmarkmið málefnasviðsins er að ríkisfjármál, rekstur og þjónusta ríkisins styðji við samfélagslegar framfarir, samkeppnishæfni, bætt lífsskjör og velferð á Íslandi.

Markmið málaflokksins 5.1, Skattar og innheimta, hafa víðtæka tengingu við áherslumál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

- Bæta skattskil með skilvirkara og einfaldara skattkerfi.
- Efla þjónustu og upplýsingagjöf við einstaklinga og fyrirtæki.
- Skattkerfið styðji við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og nýsköpun.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Með frumvarpinu er stefnt að því að leggja til ýmsar breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld með það að markmiði að auka skilvirkni í skatta- og tollframkvæmd og gera löggjöfina skýrari.

C. Leiðir

- Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?** Ákvæði frumvarpsins stefna að aukinni skilvirkni í skatta- og tollframkvæmd. Verði ekkert aðhafst munu nauðsynlegar breytingar í átt að meiri skilvirkni ekki eiga sér stað.

2. **Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.** Þar sem um er að ræða nauðsynlegar breytingar á lagaákvæðum á sviði skatta og gjalda koma önnur úrræði ekki til greina, sbr. ákvæði 40. og 77. gr. Stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944.

3. **Mögulegar leiðir við lagasetningu.**

Breytingar á gildandi ákvæðum laga á sviði skatta og gjalda.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. **Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.** Meginefni frumvarpsins felur í sér ýmsar nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld.

2. **Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.** Eftirfarandi breytingar eru fyrirhugaðar:

- Breytingar á lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011, þannig að skatturinn verði lagður á hvern gest í stað gistieiningar, eins og nú er, og nái einnig til gesta í skemmtiferðaskipum sem dvelja á íslensku tollsvæði.
- Breytingar á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um að sala á aðgangsmiðum í kvikmyndahús verði skipað í lægra VSK þrepíð.
- Breytingar á lögum um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, um að fella niður vörugjöld á rafvélsleða.
- Breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, vegna samtímabarnabóta sem taki mið af barnastöðu eftir ársfjórðungum.
- Breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem heimila skipti á upplýsingum milli landa vegna tekna sem aflað er með stafrænum hætti í samræmi við DPI reglur OECD og DAC7 tilskipun Evrópusambandsins.
- Breytingar á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, um að litlir, sjálfstæðir framleiðendur áfengis greiði lægra áfengisgjald af ákveðnu magni áfengis.
- Breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, til að skýra gjaldtökuheimildir í tengslum við lög um útlendinga, nr. 80/2016. Lögð verður til breyting á uppsetningu 14. gr. laganna, orðalagsbreyting og efnisleg breyting varðandi gjaldtöku vegna umsókna um dvalarleyfi, ríkisborgararétt og vegabréfsáritanir, m.a. að tengja gjald fyrir vegabréfsáritun við gengi evru.
- Breytingar á höfundalögum, nr. 73/1972. Samkvæmt 11. gr. laganna eiga höfundar verka, sem hafa verið gerð aðgengileg almennungi, rétt á sanngjörnum bótum vegna eftirgerðar verkanna til einkanota og er í 3. mgr. greinarinnar vísað til ákveðinna tollskrárnúmera. Lagðar verða til breytingar á tollskrárnúmerunum í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á tollskrá. Markmiðið með breytingunni er að viðhalda því fyrirkomulagi sem verið hefur.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?** Já, að því er varðar ákvæði 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að skattamálum skuli skipað með lögum. Þess verður gætt við samningu frumvarpsins að efni þess og framsetning samrýmist þeim ákvæðum.

2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?** Nei.

3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?** Nei.

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?** Frumvarpið snertir fyrst og fremst skattskylda aðila, bæði einstaklinga og lögaðila en einnig stjórnsýslu skattamála.

2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?** Nei.

3. **Samráð sem þegar hefur farið fram.** Samráð hefur verið haft við dómsmálaráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið og Skattinn vegna einstaka efnisatriða frumvarpsins. Þá hefur innra samráð í Stjórnarráðinu farið fram.
4. **Fyrirhugað samráð.** Fyrirhugað er frekara samráð við áður nefnda aðila og hugsanlega aðra aðila. Gert er ráð fyrir því að frumvarpsdrög verði birt í samráðsgátt stjórnvalda.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Gistináttaskattur kemur til framkvæmda á ný um áramót en hann var felldur niður tímabundið vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Áætlað er að hann skili að óbreyttu 1,5 milljarði kr. á komandi ári. Þar við bætast áhrif hinna nýju áforma um að breyta útreikningsviðmiðum skattsins og gildissviði með útvíkkun til skemmtiferðaskípa. Vinna stendur nú yfir með hagaðilum þar sem mat verður lagt á ólíkar leiðir að breyttu gjalda- og skattaumhverfi ferðapjónustu. Tekjuáhrif þeirra breytinga fyrir ríkissjóð eru áætluð 2,7 milljarðar kr.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt, vörugjald og áfengisgjald hafa áhrif til lækkunar á tekjur ríkissjóðs. Ekki er gert ráð fyrir því að aðrar breytingar sem lagðar verða til í frumvarpinu muni hafa teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum. Endanlegar niðurstöður liggja hins vegar ekki fyrir þar sem um frummat á áhrifum er að ræða.

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?** Já.
2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?** Þegar hefur verið haft samráð við Skattinn vegna einstaka efnisatriða frumvarpsins. Frekara samráð verður haft við stofnunina við samningu frumvarpsins en ekki er gert ráð fyrir að langan tíma þurfi til undirbúnings/aðlögunar.
3. **Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?** Gott samráð við innleiðingu löggjafar.
4. **Mælikvarðar á árangur og útkomu.** Helstu mælikvarðar á árangur og útkomu breytinga sem gerðar eru á ákvæðum laga um skatta og gjöld eru upplýsingar frá ríkisaðilum og greiningarvinna þeirra gagna í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.
5. **Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?** Fjármála- og efnahagsráðuneytið fær reglulega gögn frá ríkisaðilum og kallar einnig eftir þeim teljist það nauðsynlegt til að meta m.a. árangur lagabreytinga á sviði skatta- og tollamála. Það mun einnig eiga við í þessu tilviki.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. **Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað** Já
2. **Önnur fylgiskjöl eftir atvikum** Nei